
Reykjavík, 17. nóvember 2026
USK26090193

Þönglabakki 1 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn DAP ehf. dags. 13. september 2026, um að stækka anddyri hússins á lóð nr. 1 við Þönglabakka, samkvæmt uppdr. DAP, dags. 9. september 2026.


Aðalskipulag Reykjavíkur 2040


Deiliskipulagsbreyting 17.3.2011



Götusýn

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin við Þönglabakka 1 borgarhluta 6 Breiðholti og er á skilgreindu miðsvæði (M12).

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Mjódd, samþykkt í borgarráði 11. janúar 1991, ásamt síðari breytingum. Breyting á deiliskipulaginu fyrir Þönglabakka 1 var samþykkt í borgarráði 17. mars 2011 til að stækka byggingarreit og heimila 50 m^2 anddyri á austurhlið hússins.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til 40 m^2 stækkunar á anddyri hússins, samkv. fyrirspurnaruppdráttum DAP, sem tæki mið af núverandi anddyri í breidd, hæð og efnisvali.

Núverandi anddyri við húsið nær að hluta út fyrir lóðamörk hússins og inn á sameiginlega bílastæðalóð austan við húsið. Stækkun anddyrisins myndi óhjákvæmilega hafa áhrif á fyrirkomulag bílastæða á lóðinni þar sem breikka þyrfti gangstétt umhverfis anddyrið, innan lóðamarka bílastæðalóðarinnar, til að tryggja greiða og örugga aðkomu. Breytingin hefði áhrif á fjölda og fyrirkomulag bílastæða á lóðinni sem eru í sameign allra fasteignaeigenda á svæðinu.

Enginn lóðaleigusamningur er í gildi fyrir bílastæðalóðirnar en unnið er að því að gera samning við svæðisfélag fasteignaeigenda í Mjóddinni. Ekki er gert ráð fyrir að einstökum fasteignaeigendum á svæðinu verði heimilað að fara með byggingarframkvæmdir inn á lóðirnar.

Reykjavík

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ólafur Ingibergsson

verkefnastjóri

Reykjavík